

Nd.

90. Frumvarp til laga

[86. mál]

um breyting á hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Ásberg Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 25. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákveða má nánar í reglugerð um allt, er lýtur að nýtingu verðmæta, athöfnum og öryggi á hafnarsvæðinu, og annað, er við þykir eiga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að lög mæla iðulega svo fyrir, að um ýmis tiltekin atriði skuli nánari ákvæði sett með reglugerð. Að sjálfsgöðu mega slík ákvæði ekki fara út yfir takmörk þeirrar lagaheimildar, er þau byggjast á, fremur en almenn lög mega brjóta í bág við stjórnarskrána. Löggjöf þarf að vera gagnorð og hnitmiðuð. En jafnvel þótt þess sé gætt, er það svo, að hinn slyngasti löggjafi getur ekki séð fyrir öll tilbrigði mannlegra samskipta, er fyrir kunna að koma. Verður því oft leit að traustum lagaheimildum og viðeigandi ákvæðum, er óvænt atvik ber að höndum. Heimildir laga til setningar reglugerða eru oft harla víðtækar. Verður svo einatt að vera, þegar reglugerð er ætlað að gilda á takmörkuðu svæði, t. d. í sýslu- eða hreppsfélagi. Aðstæður allar geta verið mismunandi eftir því, um hvaða svæði er að ræða. Oft er það svo, að lagaheimild til setningar reglugerðar endar á rúmu ákvæði, þ. e. fyrst eru tekin nokkur atriði, sem skuli eða megi standa í reglugerð, en síðan bætt við, að ákvæði megi setja um annað, er þurfa þyki, eða eitthvað í þá átt.

Þegar lög um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, gengu í gildi, leystu þau af hólmi eigi færri en 49 sérlæg um ákveðnar hafnir og lendingarstaði. Á hinn bóginn var svofellt ákvæði sett í 15. gr. þeirra laga: „Með reglugerð má setja nánari ákvæði, sem gilda fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig. Skal í henni kveða á um stjórn hafnar- eða lendingarbótasjóðs, umferð og góða reglu, ákveða gjöld samkvæmt 9. gr. laga þessara, ákveða takmörk hafnarinnar eða þess svæðis, er lendingarbæturnar ná til, og annað, er þurfa þyki“. Þessi lög eru nú afnumin.

Hafnalög þau, er nú gilda, eru nr. 48 frá 29. apríl 1967. Þar er samsvarandi ákvæði í 25. gr., en 1. mgr. hennar hljóðar svo:

„Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum hafnarstjórnar sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í þeirri reglugerð skulu m. a. sett nánari ákvæði um:

1. Stærð hafnarsvæðis og takmörk.
2. Gjöld til hafnarsjóðs samkvæmt 12. gr.
3. Kosning hafnarstjórnar, tölu stjórnarmanna og starfssvið.
4. Umferð og góða reglu í höfninni.“

Síðar í sömu grein eru nefnd nokkur atriði, sem heimilt er eða skylt að mæla fyrir um í reglugerð, en almenna, víðtæka heimild skortir, svo sem var í hinum eldri lögum. Á það má og benda, að skv. 14. gr. laga um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi, nr. 38 frá 14. marz 1951, skal ákveða með reglugerð „allt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga“, sbr. reglugerð nr. 75 frá 1959, og sams konar ákvæði er í 14. gr. laga nr. 23 frá 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Það verður að teljast eðlileg og sjálfsgöð regla, að viðkomandi hafnarstjórn hafi víðtækan tillögurétt til að skipa málum á sínu hafnarsvæði, enda ekkert að óttast þar sem allar slíkar tillögur verða að ná staðfestingu samgönguráðuneytis, áður en þær öðlast gildi.